

Fundargerð landsfundar

Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra (lsh.) 2026.

Haldinn í sal Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu, Hátúni 12, inngangur 7, 24. apríl 2026, klukkan 13:00 og 25. apríl 2026 klukkan 9:30.

Föstudaginn 24. apríl var haldinn vinnufundardagur kl. 13:00.

1 Setning landsfundar.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Sjálfsbjargar lsh., setti fundinn laugardaginn 25. apríl 2026, klukkan 9:43.

Formaður sagði meðal annars frá því að lokaathöfn var haldin við vígslu síðasta rampsins við Háskóla Íslands. Sjálfsbjörg hefur verið dyggur stuðningsaðili þess verkefnis. Í tengslum við það er unnið að því að byggja heitan pott í Lágafellslaug, Mosfellsbæ sem verður aðgengilegur fólki í hjólastól og mun því verkefni ljúka á árinu. Árið 2025 var ný stefna samþykkt og er unnið samkvæmt henni. Breyting var gerð á landsfundi, það er að fundurinn sjálfur er í einn dag í stað tveggja.

2 Kosning fundarstjóra, fundarritara og tveggja landsfundarfulltrúa til að fara yfir fundargerð.

Formaður lagði til að Arndís Anna Kristínar Gunnarsdóttir, lögfræðingur, yrði fundarstjóri og Þórný Björk Jakobsdóttir, starfsmaður ÖBÍ réttindasamtaka, yrði fundarritari. **Samþykkt.**

Fundarstjóri tók við fundinum.

Samkvæmt lögum þarf að tilnefna tvo landsfundarfulltrúa til að fara yfir fundargerðina þegar hún er tilbúin. Tillaga var um Sævar Guðjónsson og Helgu Magnúsdóttur. **Samþykkt.**

3 Staðfesting á mætingu landsfundarfulltrúa. (Fskj. 3.1)

Skráðir voru 26 fulltrúar frá 10 félögum. Eftirfarandi fulltrúar voru mættir:

Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni: Linda Egilsdóttir, Elmar Logi Heiðarsson, Ingi Bjarnar Guðmundsson og Jón Heiðar Jónsson.

Sjálfsbjörg Austur-Húnavatnssýslu: Enginn mætti.

Sjálfsbjörg í Bolungarvík: Nikkólína Þorvaldsdóttir og Ólafía Ósk Runólfssdóttir.

Sjálfsbjörg á Siglufirði Fjallabyggð: Sigurrós Sveinsdóttir og Sverrir Eyland Gíslason.

Sjálfsbjörg á Húsavík: *María Óskarsdóttir.*

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu: *Bergur Þorri Benjamínsson, Þuríður Harpa Sigurðardóttir, Valdimar Númi Hjaltason, Grétar Pétur Geirsson, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Þorbera Fjölvisdóttir, Helga Magnúsdóttir, Ásta Þórdís Skjalldal Guðjónsdóttir og Sævar Guðjónsson.*

Sjálfsbjörg á Ísafirði: Enginn mætti.

Sjálfsbjörg á Mið-Austurlandi: *Guðni Sigmundsson.*

Sjálfsbjörg í Skagafirði: *Magnús G. Jóhannesson.*

Sjálfsbjörg á Suðurlandi: Enginn mætti.

Sjálfsbjörg á Suðurnesjum: *Margrét S. Jónsdóttir og Jóna Birna Kristinsdóttir.*

Sjálfsbjörg á Vopnafirði: Enginn mætti.

4 Dagskrá lögð fram til samþykktar. (Fskj. 4.1)

Dagskrá fundarins var í fundargögnum og var **samþykkt samhljóða.**

5 Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár. (Fskj. 5.1)

Formaður kynnti skýrslu stjórnar og sagði meðal annars að í 66 ár hafi Sjálfsbjörg markað djúp og varanleg spor í mannréttindabaráttu fatlaðs fólks og verið kraftmikill málsvari aðgengis fyrir hreyfihamlaða í fjölbreyttri mynd. Farið var í stefnumörkun og ný lög samþykkt á síðasta landsfundi. Framtíðarnefnd hefur unnið að deiliskipulagi Hátúnslóðanna 10-14. Heilsuhvetjandi námskeið og viðburðir hafa verið haldnir fyrir félagsfólk. Undirskriftaherferðin „Ekki vesen“ var sett af stað í september 2025. Samvinna var með fimm öðrum félögum hreyfihamlaðs fólks (CP félaginu, Gigtarfélaginu, MND á Íslandi, MS félaginu og SEM samtökunum) og farið í þrjú aðgengisstroll, tvö í Reykjavík og eitt á Akureyri. Þetta var hugsað til vitundarvakningar upp á að fá betra aðgengi að samfélaginu. Hugmynd er um að taka eitt aðgengisstroll í júní 2026.

Sjálfsbjörg aðstoðaði við að koma Frístundasafninu á laggirnar og er verið að safna saman tækjum og búnaði út um allt land. Exoquat hjól var keypt sem hægt verður að leigja í gegnum Frístundasafnið. Námskeið var haldið í hjólastólafærni í Íþróttahúsi Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík, Hátúni 14. Það var vel sótt og vel heppnað. Ný heimasíða er komin í gagnið og hefur mikil vinna verið lögð í að koma rekstrinum í betra horf.

Aðgengi að kjörstöðum er almennt gott á kjördag en aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, Hlíðasmára 1, Kópavogi, er ekki til staðar. Unnið er að málinu. Samvinna við Norðurlöndin hefur verið góð og er hafin vinna við að kortleggja og bera saman byggingarreglugerðir í löndunum.

Umræður og spurningar um skýrsluna fóru fram eftir að farið var yfir ársreikning.

6 Endurskoðaður ársreikningur Sjálfsbjargar. (Fskj. 6.1)

Ljósbrá Baldursdóttir hjá PriceWaterhouse Coopers (PWC) endurskoðandi félagsins kynnti ársreikninginn.

Verulegur viðsnúningur hefur orðið á rekstri Sjálfsbjargar lsh. á milli ára. Húsaleigutekjur hafa aukist, sem er stærsti tekjuliður félagsins. Kostnaður vegna fjáraflana var töluvert lægri en árið áður og hafa laun og launatengd gjöld hækkað milli ára.

Rekstrarhagnaður 2025 var rúmlega 25 milljónir, en árið áður var rekstrartap upp á tæpar 9 milljónir. Hagnaður 2025 var 10,6 milljónir, en tap 2024 var upp á 27 milljónir.

Mesta breytingin er handbært fé sem var rúmar 33 milljónir í stað 16 milljóna árið áður og skýrist af góðum rekstri.

Umræður. Lýst var yfir ánægju með viðsnúning rekstrarins. Bent var á að greiðslur vegna skuldar við Hjálparliðasjóð Sjálfsbjargar væru ekki í samræmi við fyrri samþykktir og að greiða ætti alla vexti og verðbætur til að tryggja að upphæðin fari ekki yfir 5 milljónir. Stjórn mun kanna málið og tryggja að rétt sé staðið að greiðslum.

Ársreikningurinn var **samþykktur samhljóða**.

Hlé var gert 10:25-10:52

7 Skýrsla stjórnar og endurskoðaður ársreikningur Kjarks endurhæfingar.

(Fskj. 7.1)

Þórdís Rún Þórisdóttir, framkvæmdastjóri Kjarks endurhæfingar, kynnti skýrsluna og sagði frá starfseminni 2025. Dagþjónustan fluttist í stærra rými á fjórðu hæð B álmu í Hátúni 12 og var þjálfunarrúmum fjölgað úr 5 í 10. Hugsað var sérstaklega um hjóðvist sem er mun betri en áður. Sumarhátíð og jólahátíð var haldin fyrir þjónustuþega ásamt fleiri viðburðum yfir árið. Samstarf er við Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík og sundlaug Sjálfsbjargar lsh. Starfsemin hefur verið kynnt fyrir starfsfólki Reykjalundar og deild B6 á Landspítalanum Fossvogi. Kjarkur er á fjárlögum til eins árs í einu og nú er komið að því að gera formlegan þjónustusamning um reksturinn til að formfesta starfsemina betur. Vonandi tekst að klára það á árinu 2026. Skrifað var undir samstarfssamning við TR 2025 sem þýðir að greiðslur fást frá þeim vegna endurhæfingar. Árið 2025 voru 50 starfsmenn starfandi og er þjálfun og fræðsla veitt starfsmönnum í ýmsu formi ásamt því að starfsmannafélagið hefur verið með viðburði yfir árið. Stöðugt er unnið í því að fækka veikindadögum starfsfólks, með því að efla fólk og standa fyrir heilsuviku og fleiri slíkum viðburðum.

Starfsemin er réttum megin við núllið og er vel haldið utan um rekstrarliði. Launaliðurinn er hæstur, um það bil 76% af útgjöldum.

Umræður. Spurt var hvort hugsað hafi verið út í að víkka út starfsemina og fá sjúkráþjálfara utan af landi í þjálfun. Ekki hefur verið hugsað um að leita út fyrir borgina og erfitt er að fá sjúkráþjálfara til starfa, enginn sótti um þegar auglýst var eftir slíkum starfskrafti.

Hrós barst frá einum fulltrúa sem benti á að árið 2021 hafi verið verulegt tap á rekstrinum og tekist hafi að snúa því við í hagnað.

Spurt var hversu margir nýta þjónustuna. Þjónustuþegar eru 58, bæði í dagþjónustu og í gistingu. Unnið er að því að greina hvaða þjónustu fólk fær og hversu mikla. Til að geta gert samning við Sjúkratryggingar þarf að fanga starfsemina, kortleggja þarfir og passa upp á gæði þjónustunnar.

8 Skýrslur aðildarfélaga. (Fskj. 8.1-8.2)

Hluti aðildarfélaga skiluðu skýrslu og var þeim boðið að gera grein fyrir starfsemi sinni á árinu.

Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni. Akureyri tók þátt í evrópskri samgönguviku og var tækifærið notað til að vera með aðgengisstroll. Jólball var haldið að venju ásamt Hetjunum, félagi langveikra barna. Markvisst er unnið að því að fá yngra fólk inn í starfið. Félagið á sumarbústað sem félagsmenn á Akureyri geta nýtt sér. Hann er nú til sölu þar sem aðgengi er ekki nógu gott á veturna. Félagið rekur sjúkráþjálfunina Bjarg endurhæfingu. Nánari upplýsingar er að finna í skýrslu félagsins á netinu.

Sjálfsbjörg Austur-Húnavatnssýslu. Ekki barst skýrsla.

Sjálfsbjörg í Bolungarvík. Félagið hefur staðið fyrir fjáröflun, til dæmis með pönnukökubakstri og bingóum sem hafa verið vel sótt. Með þeim fjármunum hefur sjúkrapjálfunin á staðnum verið styrkt með tækjakaupum, ásamt kaupum á þroskaleikföngum og tækjum fyrir sérkennslu í leikskólanum og grunnskólanum. Félagafjöldi er 84 og stefnt er að fjölgun upp í 100 á árinu. Nánari upplýsingar er að finna í skýrslu félagsins á netinu.

Sjálfsbjörg í Fjallabyggð. Félagið á húsnæði þar sem fólk getur komið og unnið með keramik og gler. Hluti húsnæðisins er í útleigu, sem stendur undir kostnaði við húsnæðið. Opið hús er frá 13-16 alla virka daga og eru allir velkomnir. Húsnæðið er vel nýtt og hafa ferðamenn komið yfir sumartímann og málað hlut sem þeir taka með heim. Haldnar eru þrjónasamverur, bingó og boðið er upp á súpu. Nánari upplýsingar er að finna í skýrslu félagsins á netinu.

Sjálfsbjörg á Húsavík. Félagið hefur ekki verið starfandi. Árið 2025 keypti það blöðruskanna, sem kostaði 2,5 milljónir, fyrir Heilsugæsluna á Húsavík. Stefnt er að því að kaupa fleiri tæki. Ekki barst skýrsla.

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. Aðaláhersla hefur verið lögð á félagslega þáttinn og hefur verið boðið upp á súpu í hádeginu á þriðjudögum og bingó annað hvort miðvikudagskvöld. Sumarbústaðurinn Kriki er opinn á sumrin og getur fólk komið við og eytt deginum þar. Starfsmaður er við alla daga, en bústaðurinn er ekki til útleigu. Nánari upplýsingar er að finna í skýrslu félagsins á netinu.

Sjálfsbjörg á Ísafirði. Ekki barst skýrsla.

Sjálfsbjörg á Mið-Austurlandi. Ekki hefur verið haldinn aðalfundur þar sem veikindi hafa verið í stjórn. Skýrslan mun verða sett á netið þegar aðalfundi lýkur.

Sjálfsbjörg í Skagafirði. Dauft hefur verið yfir starfinu og gengur erfiðlega að fá nýja féлага. Gefin hafa verið tæki til heilsugæslunnar, en að öðru leyti er engin föst félagsstarfsemi. Nánari upplýsingar er að finna í skýrslu félagsins á netinu.

Sjálfsbjörg á Suðurlandi. Ekki barst skýrsla.

Sjálfsbjörg á Suðurnesjum. Félagið á skuldlaust húsnæði. Á fimmtudögum er fönðrað og málað postulín. Hægt væri að bjóða upp á keramik og silkimálun en það vantar fólk til að sinna því. Félagsmenn eru 43 og gengur illa að fá inn nýja félagsmenn. Nánari upplýsingar er að finna í skýrslu félagsins á netinu.

Sjálfsbjörg á Vopnafirði. Ekki barst skýrsla.

Umræður. Bent var á að sveitarstjórnarkosningar fara fram 16. maí 2026 og verða listakosningar í langflestum sveitarfélögum landsins. Ríki og sveitarfélög hafa tekið sig saman um aðgengisverkefni, sem þýðir að sveitarfélög sem verja ákveðinni fjárhæð í að bæta aðgengi fá helming upphæðarinnar af framkvæmdunum endurgreidda úr jöfnunarsjóði. Fólk var beðið um að benda frambjóðendum á að nýta sér þetta verkefni til að bæta aðgengi.

Hádegismatur kl. 12:00 – 12:35.

9 Skýrslur og samantektir sjóða, nefnda og málefnaþópa. (Fskj. 5.1)

Skýrslur og samantektir er að finna í ársskýrslu Sjálfsbjargar. Hjalparliðasjóður kemur saman einu sinni á ári og er úthlutun 1. maí.

10 Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár. (Fskj. 10.1)

Sigríður Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar lsh. fór yfir fjárhagsáætlun 2026. Áætlun ársins 2026 byggir á að viðhalda rekstrinum á sama róli og 2025. Frá því að framkvæmdastjóri hóf störf 2023 hefur vinna hennar falist í því að rétta félagið af fjárhagslega og skilaði félagið hagnaði 2025 í stað taps 2024. Horft er til framtíðar og verður haldið áfram á sömu braut. Húsnæðið stendur undir rekstri og hefur sundlauginni verið haldið opinni, þó svo að sá rekstur hafi ekki skilað hagnaði, en mikilvægi hennar er sýnilegt.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur verði 270 milljónir og heildargjöld um 260 milljónir árið 2026.

D álman fer í útleigu til Hringsjár. Verið er að laga til á 5. hæð í B álmu og verður hún tilbúin til útleigu 2027. Kjarkur mun leigja alla hæðina ef þau geta, ef ekki er nóg af leigjendum á biðlista. Framkvæmdir verða sumarið 2026, húsnæðið verður málað og flikkað upp á það, hellur verða fjarlægðar og malbikað í staðinn upp að húsinu.

Tekjur fást í gegnum happdrætti og hollvinum verður viðhaldið. Fólk er einnig hvatt til að hlaupa til styrktar félaginu í Reykjavíkummarþoni í ágúst 2026. Sálfræðiráðgjöf er í boði ásamt annarri ráðgjöf til félagsmanna. Mælst er með því að félögin auglýsi þetta meðal félagsmanna sinna.

Umræður. Bent var á að Sjálfsbjörg hefur ekki skilað rekstrarafgangi í tugi ára og því væri viðsnúningurinn kraftaverk.

Starfs- og fjárhagsáætlunin var **samþykkt**.

11 Ákvörðun um árgjald. (Fskj. 11.1)

Tillaga stjórnar Sjálfsbjargar lsh. um árgjald upp á 500 krónur fyrir hvern félagsmann í aðildarfélagi Sjálfsbjargar lsh. fyrir árið 2027 var **samþykkt**.

12 Þóknun fyrir stjórnarsetu í Sjálfsbjörg. (Fskj. 12.1)

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Lagt er til að fyrirkomulag við greiðslu þóknunar fyrir fundarsetu fulltrúa í stjórn Sjálfsbjargar verði eftirfarandi:

- Fulltrúar í stjórn fá greiddar 5 einingar fyrir hvern setinn stjórnarfund sem er allt að 2 klst. langur. Ein eining fyrir hvern hálf tíma. Ein eining er fyrir undirbúning.
- Ein eining fyrir hvern byrjaðan hálf tíma umfram 2 klst.
- Þeir sem boða forföll fá greiddan undirbúning.
- Upphæð þóknunar tekur mið af ákvörðun þóknunarnefndar ríkisins.

Tillagan var **samþykkt**.

13 Aðildarumsóknir.

Engin aðildarumsókn barst.

14 Lagabreytingar. (Fskj. 14.1 og 14.2)

Ein lagabreyting barst. Breytingin gefur einstaklingum kost á að eiga beina aðild að landssambandinu, sem sagt ekki í gegnum aðildarfélag. Þó svo að breytingin sé einföld þarf að breyta orðalagi í fjölmörgum greinum laganna, verði breytingin samþykkt.

Grunnbreytingin er eftirfarandi, þar sem orðunum „...og einstaklingum með beina aðild sem styðja hlutverk og markmið þess, hér eftir nefnd félagsaðilar“ var bætt aftan við setninguna:

- 1.1. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, hér eftir nefnt Sjálfsbjörg, er frjálst og óháð félag, myndað af félögum hreyfihamlaðs fólks og einstaklingum með beina aðild sem styðja hlutverk og markmið þess, hér eftir nefnd félagsaðilar.

Farið var yfir allar greinar laganna sem breytast.

Umræður. Spurt var um hvert yrði félagsgjald fyrir einstakling. Miðað er við að félagsgjald verði svipuð upphæð og félögin á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri rukka, það er 3.200 kr.

Spurt var hvernig fulltrúafjöldi á landsfundi yrði reiknaður. Sömu reglur gilda um fulltrúafjölda einstaklinga og deilda, reiknað er út frá heildarfjölda.

Spurt var hvort félagsmenn þeirra félaga sem verða mögulega lögð niður á landsbyggðinni flytjist sjálfkrafa yfir í einstaklingsaðild. Hugsunin er að þeir flytjist sjálfkrafa yfir og þurfi að biðja um það sjálfir að verða teknir út, því gott er að hafa tengingu inn á svæðin.

Með breytingunni verða félögin ekki lögð af en þetta er leið til að halda félögunum inni, í stað þess að missa þá út, verði félag lagt niður.

Farið var með breytingarnar sem eina lagabreytingartillögu í heild sinni varðandi beina aðild.

Samþykkt með meirihluta atkvæða, 2 sátu hjá.

Hlé 13:40 - 13:45

15 Kosningar í stjórn. (Fskj. 15.1 - 15.6)

Stjórnarmeðlimir eru kosnir til tveggja ára. Árið 2026 er kosið til formanns, gjaldkera, eins meðstjórnanda og eins varamanns.

Formaður Þuríður Harpa Sigurðardóttir bauð sig fram og var sjálfkjörin.

Gjaldkeri Grétar Pétur Geirsson bauð sig fram og var sjálfkjörinn.

Varamaður í stjórn Linda Egilsdóttir bauð sig fram og var sjálfkjörin.

Meðstjórnandi Tvö framboð bárust í embættið, niðurstaða kosninga var eftirfarandi:

Guðni Sigmundsson hlaut 19 atkvæði

Kristján Karl Júlíusson hlaut 3 atkvæði

Auðir og ógildir seðlar 1

Guðni var því réttkjörinn meðstjórnandi.

16 Kosningar í stjórn Kjarks endurhæfingar. (Fskj. 15.1)

Kjóra þurfti einn fulltrúa í stjórn Kjarks endurhæfingar. Ólafía Ósk Runólfsdóttir bauð sig fram og var sjálfkjörin til tveggja ára.

17 Kosningar í kjörnefnd. (Fskj. 15.1)

Kjóra þurfti tvo fulltrúa í kjörnefnd og bárust engin framboð fyrir fram.

Tillaga var um Berg Þorra Benjamínsson og bauð Harpa Cilia Ingólfsdóttir sig fram. Bæði voru sjálfkjörin til tveggja ára.

18 Aðrar kosningar - Minningarsjóður J.P.S., Hjálparliðasjóður, MedicAlert.

(Fskj. 15.1)

Kjóra þurfti fjóra fulltrúa í stjórn Minningarsjóðs Jóhanns Péturs Sveinssonar. Fjórir buðu sig fram, Puriður Harpa Sigurðardóttir og Kristján Karl Júlíusson voru sjálfkjörin sem aðalmenn til eins árs, Guðni Sigmundsson og Magnús G. Jóhannesson voru sjálfkjörnir sem varamenn til eins árs.

Kjóra þurfti einn fulltrúa í stjórn Hjálparliðasjóðs Sjálfsbjargar lsh. Eitt framboð barst frá Lindu Egilsdóttur og var hún sjálfkjörin til tveggja ára.

Kjóra þurfti einn fulltrúa í MedicAlert. Eitt framboð barst frá Sóleyju Björk Axelsdóttur og var hún sjálfkjörin til tveggja ára.

19 Ályktanir. (Fskj. 19.1)

Lög Sjálfsbjargar gera ráð fyrir að ályktun sem tekin er fyrir á landsfundi birtist á heimasíðu félagsins 4 vikum fyrir fund. Slíkt var ekki gert og voru fulltrúar beðnir að kjósa um hvort taka mætti ályktunina fyrir. **Samþykkt.**

Ályktunin hljóðar svo:

Ályktun landsfundar Sjálfsbjargar 2026 um aðgengismál

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga hvetur landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra öll sveitarfélög til að gera úrbætur í aðgengismálum og fullnýta það fjármagn sem í boði er frá ríkinu til slíkra verkefna.

Nú býðst fjármagn, nýtið það! Árin 2025-2026 bjóðast sveitarfélögum 464 milljónir til úrbóta í aðgengismálum frá Jöfnunarsjóði. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að styrkja sveitarfélög um allt að 5 milljónir króna til lyftukaupa og uppsetninga. Slíkur búnaður skiptir hreyfihamlað fólk miklu máli sé þjónusta á öðrum hæðum en jarðhæð.

Sveitarfélögin gegna lykilhlutverki í aðgengismálum, berandi ábyrgð á skipulagsmálum og eftirliti með framkvæmdum. Gott aðgengi er forsenda samfélagsþátttöku og virkni hreyfihamlaðra barna, fullorðinna og eldra fólks. Við þökkum það sem vel er gert í aðgengismálum og sérstaklega framtaki Haraldar Þorleifssonar, Römpum upp Ísland, sem lauk 2025. Um leið hvetjum við sveitarfélög til að taka við keflinu, vinna áfram að og setja í forgang aðgengi að manngerðu umhverfi, enda af nógu að taka.

Landsfundur bendir á að rík krafa er um að sveitarfélög uppfylli samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem var lögfestur í desember 2025.

Gott aðgengi skiptir alla máli en okkur öllu máli!

Umræður. Líst var yfir ánægju með að ályktunin fjalli um aðgengismál í stað kjaramála.

Ályktunin var **samþykkt einróma.**

20 Önnur mál.

a) Kynning á deiliskipulagi Hátúns 10 - 14.

Deiliskipulag lóðanna að Hátúni 10 – 14 var kynnt. Lóðirnar eru í eigu Brynju leigufélags ses., Sjálfsbjargar lsh., Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu og Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík. Tafir hafa orðið vegna skipulagsbreytinga hjá Reykjavíkurborg, en komin er lýsing og áætlun. Mögulega verður lögð fram tillaga um sölu byggingarréttar á lóð Sjálfsbjargar lsh. til að geta gert upp Sjálfsbjargarhúsið, en það mun ekki verða til sölu. Endanleg tillaga verður lögð fyrir landsfund þegar hún liggur fyrir.

Farið var yfir deiliskipulag lóðanna og sýndar teikningar þar sem mögulegar byggingar munu hugsanlega rísa. Umræður eru um að fjarlægja viðbyggingu Sjálfsbjargarhússins, sem ekki er talin heppileg rekstrareining, til að búa til pláss fyrir stórt íbúðarhús eða blokk. Einnig eru hugmyndir um að byggja tvær hæðir ofan á sal Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu, færa salinn í annað húsnæði til að hægt sé að stækka sundlaugina og búa til betri aðstöðu fyrir sundlaugargesti. Gert verður ráð fyrir bílakjallara undir því húsnæði sem byggt verður.

Umræður. Nefnt var að mikilvægt væri að setja kvaðir í deiliskipulagið um bílastæði ef byggingarréttur verður seldur. Mikilvægt er að greina þarfir hvað varðar bílaumferð og aðra umferð um lóðina.

b) Kjarkur.

Tillaga kom um að gera samkomulag um það við Kjark að varaformaður væri frá Sjálfsbjörg til að tekið sé tillit til sjónarmiða grasrótarinnar innan stjórnar Kjarks. Tengingin milli Sjálfsbjargar og Kjarks mætti vera sterkari en hún er.

c) Söngur.

Á landsfundi 2025 var óskað eftir því að vísa Sjálfsbjargar væri sungin í lok fundarins og því var vísan prentuð aftan á ársskýrslu Sjálfsbjargar lsh. 2025. Fulltrúar sungu vísuna.

21 Slit landsfundar.

Formaður þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir gott starf og minntist Unnar Jónsdóttur, fyrrum formanns á Norðfirði, sem féll frá fyrir stuttu. Einnig þakkaði hún fulltrúum fyrir komuna og góðan landsfund.

Formaður sleit fundi klukkan 15:07.

Fylgiskjöl.

[00.00 Tímalína Landsfundar 2026](#)

[Fskj. 3.1 Landsfundarfulltrúar](#)

[Fskj. 4.1 Dagskrá Landsfundar 2026](#)

[Fskj. 5.1 Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár](#)

[Fskj. 6.1 endurskoðaður ársreikningur Sjálfsbjargar 2025](#)

[Fskj. 7.1 Ársskýrsla og ársreikningur Kjarks endurhæfingar 2025](#)

Fskj. 8.1 - 8.2 Skýrslur aðildarféлага

Fskj. 8.1 Ársskýrslur

[Fskj. 8.1a Ársskýrsla Sjálfsbjargar á Akureyri](#)

[Fskj. 8.1b Ársskýrsla Sjálfsbjargar í Bolungarvík](#)

[Fskj. 8.1c Ársskýrsla Sjálfsbjargar í Fjallabyggð](#)

[Fskj. 8.1d Ársskýrsla Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu](#)

Fskj. 8.1e Ársskýrsla Sjálfsbjargar á Mið-Austurlandi

[Fskj. 8.1f Ársskýrsla Sjálfsbjargar í Skagafirði](#)

[Fskj. 8.1g Ársskýrsla Sjálfsbjargar á Suðurnesjum](#)

Fskj. 8.2 Ársreikningar

Fskj. 8.2a Ársreikningur Sjálfsbjargar á Akureyri

Fskj. 8.2b Sjálfsbjargar í Bolungarvík

[Fskj. 8.2c Ársreikningur Sjálfsbjargar í Fjallabyggð](#)

Fskj. 8.2d Ársreikningur Sjálfsbjargar á Húsavík og Þingeyjarsýslu

[Fskj. 8.2e Ársreikningur Sjálfsbjargar á Höfuðborgarsvæðinu](#)

Fskj. 8.2f Ársreikningur Sjálfsbjargar í Skagafirði

Fskj. 10.1 Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár

[Fskj. 11.1 Ákvörðun um árgjald.](#)

[Fskj. 12.1 Þóknun fyrir stjórnarsetu](#)

[Fskj. 14.1 Lagabreytingartillaga Einstaklingsaðild](#)

[Fskj. 14.2 Greinargerð með lagabreytingartillögu Einstaklingsaðild](#)

[Fskj. 15.1 Kjörnefndarlisti fyrir landsfund 2026](#)

[Fskj. 15.2 Kynning á framboði til formanns - Þuríður H. Sigurðardóttir](#)

Fskj. 15.3 Kynning á framboði til gjaldkera - Grétar Pétur Geirsson

Fundargerð landsfundar Sjálfsbjargar lsh 2026 yfirfarin6

[Fskj. 15.4 Kynning á framboði til meðstjórnanda - Guðni Sigmundsson](#)

Fskj. 15.5 Kynning á framboði til meðstjórnanda - Kristján Karl Júlíusson

Fskj. 15.6 Kynning á framboði til varamanns - Linda Egilsdóttir

[Fskj. 19.1 Ályktun landsfundar 2026](#)